

dómsathafna þeirra, er hér greinir, þá verður hinn umbeðni frestur eigi veittur.

**Því úrskurðast:**

Hinn umbeðni frestur verður eigi veittur.

Föstudaginn 20. apríl 1934.

Nr. 83/1933. **Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins** (Garðar Þorsteinsson)  
gegn

**Sjómannafélagi Reykjavíkur**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Bótakrafa vegna afskráningar úr skiprúmi með of skömmum fyrirvara eigi tekin til greina.

*Dómur sjóréttar Reykjavíkur 16. maí 1933:* Stefndur, Pálmi Loftsson, f. h. Skipaútgerðar ríkisins, greiði stefnandanum, Sjómannafélagi Reykjavíkur, kr. 4587,10 með 6% ársvöxtum frá 16. júní 1932 til greiðsludags og málskostnað með 323 krónum innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefir krafizt sýknunar af kröfum stefnda í máli þessu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Stefndi hefir hinsvegar krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Samkvæmt upplýsingum þeim, er fram hafa komið í málinu fyrir hæstarétti, voru allir þeir 10 skipverjar á varðskipinu „Þór“, er í máli þessu greinir, ráðnir þannig, að um uppsögn úr skiprúmi skyldi fara „eftir sjólögum“, er skilja verður þann-

ig, að bæði þeir og áfrýjandi gætu slitið ráðningarsamningi eftir ákvæðum sjómannalaga nr. 41 frá 19. maí 1930. Það verður að lita svo á, að áfrýjanda og umræddum sjómönnum hafi verið fullkomlega heimilt að afsala sér í ráðningarsamningnum þeim þriggja mánaða uppsagnarfresti, sem ákveðinn er í 4. gr. varðskipalaga nr. 63 frá 7. maí 1928. Samkvæmt skýrslu skipherrans á „Þór“, sem stefndi hefir ekki fullyrt ranga að því leyti, var nefndum skipverjum tilkynnt 9. júlí 1931, að þeir ættu að fara af skipinu „í haust (þ. e. haustið 1931) að afloknum veiðum“, og verður að telja þessa tilkynningu, sem ekki er bundin við ákveðinn tíma, í fullu samræmi við áður nefnda ráðningarskilmála, enda virðist hún hafa verið gerð í því skyni, að minna mennina á það, hvers þeir mættu vænta, samkvæmt ráðningarskilmálunum, um brottför sína af skipinu. Það er ekki gegn mótmælum áfrýjanda sannað, að bréfið frá 28. sept. 1931, er í hinum áfrýjaða dómi greinir, og skipherra taldi vegna ráðningarskilmálanna og tilkynningarinnar frá 9. júlí s. á. aðeins eiga við yfirmenn skipsins, þrátt fyrir orðalag þess, hafi verið lesið fyrir áður nefndum 10 skipverjum, eða að innihald þess hafi verið tilkynnt þeim. Það verður þegar af þessari ástæðu ekki gert ráð fyrir því, að bréf þetta hafi getað vakið von hjá þeim um það, að áfrýjandi ætlaði að víkja frá ákvæðum ráðningarsamningsins um uppsögn hans. Loks hefir skipherra hermt það, að enginn hinna oft nefndu skipverja hafi slegið nokkurn varnagla, er þeir voru skráðir af skipinu eða þegar þeir tóku við kaup sínu, um það, að þeir væru látnir fara úr skiprúminu með of skömmum fyrirvara. Stefndi staðhæfir að vísu, að þeir hafi slegið slíkan varnagla við stýri-

mann skipsins áður en þeir voru afskráðir, en þá fullyrðing hefir stefndi ekki sannað gegn mótmælum áfrýjanda, enda hefir hvorki verið fengin um-sögn þessa stýrimanns um þetta atriði, þó að þess hefði væntanlega verið kostur, né heldur hafa mennirnir gert eða látið gera nokkrar athuga-semdir hjá skráningarstjóra, þegar afskráning þeirra af skipinu fór fram, sem þó hefði mátt vænta, ef þeir hefðu þá hugsað sér að gera kröfu til bóta fyrir brottvikningu úr skipróminu vegna of skamms uppsagnarfyrirvara.

Samkvæmt framansögðu verður það ekki talið, að hinir nefndu 10 skipverjar eigi nokkra kröfu til kaups eða fæðispeninga vegna afskráningar sinnar úr skipróminu, og ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum þeirra í þá átt.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Pálmi Loftsson, f. h. Skipaútgerðar ríkisins, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Sjómannafélags Reykjavíkur, í máli þessu. Málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, falli niður.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu dags. 16. júní 1932, hefir Sjómannafélag Reykjavíkur höfðað mál þetta með því að stefnandi hefir fengið framseldar kröfur 10 skipverja á varðskipinu „Þór“, er telja að þeim hafi verið sagt upp starfi sínu með ónógum fyrirvara og eigi því kröfur til vangreidds kaups og fæðispeninga að upphæð alls kr. 4587,10 Krefst stefnandi, að stefndur Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar rík-

isins, verði dæmdur til þess að greiða þessa upphæð með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu og nemur hann samkvæmt reikningi, sem er í samræmi við lágmarksgjaldskrá Málaflutningsmannafélags Íslands kr. 323,00.

Stefndur hefir krafizt algerðrar sýknu og sér dæmdan málskostnað.

Hinn 28. september 1931 fékk skipstjórinn á Þór svólátandi bréf:

Reykjavík, 28. sept. 1931.

Herra skipstjóri Eiríkur Kristófersson v/s. Þór.

Samkvæmt skipun dómsmálaráðherra, felum vér yður hér með að segja öllum skipverjum yðar upp starfinu frá 1. október n. k. að telja, með þeim fyrirvara sem varðskipalögin áskilja.

Fylgja þær skýringar til vor frá ráðherranum, að þetta sé gert til varúðar, ef komið gæti fyrir að gera þyrfti á komandi vetri sérstakar sparnaðarráðstafanir vegna yfirstandandi fjárhagskreppu.

Þetta biðjum vér yður að tilkynna skipverjum yðar.

Virðingarfyllt

pr. Skipaútgerð ríkisins

Pálmi Loftsson.

Þessa fyrirskipun framkvæmdi skipstjóri án tafar með þeim hætti, að hann las ofanritað bréf fyrir skipverjunum. En hinn 13. nóv. s. á. voru 8 af þeim skipverjum sem hér eiga hlut að máli látnir fara úr skiprúmi en 2 hinn 29. s. m. og var þeim öllum greitt kaup til þess tíma, er þeir voru látnir víkja úr skiprúmi, en ekki lengur. Vantaði því 2 skipverja einn mánuð en 8 röska 1½ mánuð upp á fullan uppsagnarfrest samkv. varðskipalögunum, talið frá 1. okt. Hin umstefnda krafa stefnanda nemur samanlögðu kaupi og fæðingspeningum nefndra skipverja fyrir þann tíma er vantaði á 3ja mánaða uppsagnarfrest þeirra og er kaupið í samræmi við ráðningarsamningana, en fæðispeningarnir reiknaðir eins og venja kvað vera á varðskipunum. Rökstyður stefnandi kröfur sínar við það, að samkv. 4. gr. laga nr. 63/1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim, gildi skilyrðislaus 3ja mánaða uppsagnarfrestur

fyrir skipverja varðskipanna og sé óheimilt að vikja frá þessum ákveðnu fyrirmælum.

Stefndur neitar því að þessi skilningur sé réttur og segir, að varðskipalögin séu sérlög sem vafalaust sé heimilt að vikja frá og heldur því fram, að ekki beri að miða við uppsagnarfrest varðskipalaganna því að mennirnir hafi sjálfir við lögskráningu undirgengizt að hlita uppsögn eftir sjólögum. Leggur hann fram því til sönnunar vottorð frá lögreglustjóranum í Reykjavík, er sýnir að 8 af mönnum þessum hafa verið skráðir þannig, að „uppsögn fari eftir sjólögum en um 2 eru þó ekki greinilegar upplýsingar og segir stefndur að sérstök ástæða hafi verið til að vikja frá ákvæðum varðskipalaganna vegna þess að varðskipið Þór hafi verið gert út á fisk- og sildveiðar sumarið og haustið 1931. Öðrum þræði byggir stefndur vörn sína á því að öllum skipverjum, að undanskildum stýrimönnum og vélstjórum, hafi verið sagt upp 9. júlí 1931 þannig, að uppsögnin kæmi til framkvæmda um haustið að afloknum veiðitíma og hafi því nefndir skipverjar fengið nægilegan uppsagnarfrest samkv. varðskipalögunum. Er þetta stutt við bréf, sem skipherrann á Þór skrifaði 10. dez. 1931 til stefnds og segir hann þar, að uppsögn þessi hafi farið fram eftir beiðni útgerðarstjóra. Í sama bréfi lætur skipherrann þann skilning uppi á framanrituðu bréfi frá 28. sept., að hann hafi skilið það svo, að uppsögnin þá ætti aðeins við yfirmenn skipsins. Í bréfinu segir hann einnig, að skipverjar hafi ekki mótmælt afskráningunni 13. og 29. nóv., og ekki gert neina kaupkröfu fram yfir það, sem þeim var greitt við afskráningu. Þessu síðasta hefir stefnandi eindregið mótmælt og staðhæft að skipverjar hafi borið sig upp um þetta við stýrimann. Stefndur hefir einnig haft þá varnarástæðu uppi, að skipverjar hafi gefið skilyrðislausu kvittun fyrir kaupí sinu og geti því ekki farið fram á kaupkröfu eins og gert sé með þessari málssókn.

Í málinu liggur ekki fyrir nein sönnun fyrir því, að nokkur umræddra skipverja hafi gefið útgerðinni skilyrðislausu kvittun, heldur er bending um hið gagnstæða í málinu, því að þeir virðast hafa borið sig upp við stefnanda undan afskráningunni og stefnandi aftur skrifað stefndum bréf 8. dez. 1931 viðvikjandi málinu. Þegar af þess-

ari ástæðu getur þessi sýknunarástæða ekki orðið tekin til greina.

Um uppsögn þá, sem á að hafa farið fram 9. júlí, liggur nú ekki annað fyrir en fyrrnefnd uppsögn skipherrans. Stefnandi hefir nú ekki beinlinis neitað, að hún hafi farið fram, en hann telur uppsögnina þýðingarlaus þótt hún hafi farið fram, því að hún hafi ekki komið til framkvæmda, að liðnum uppsagnarfresti. Ef skipverjar hafa fengið þessa uppsögn 9. júlí var fresturinn útrunninn 9. október, samkv. varðskipalögunum. En sjórétturinn verður að hallast að því, að hér hafi í rauninni engin uppsögn farið fram, því að eftir skilningi stefnds og sjálfs skipherrans ætti hennar ekki að hafa verið þörf, þar sem uppsögnin mátti fara fram eftir „sjólögum“, þ. e. sjómannalögunum. Hitt er líklegt, að þessum skipverjum hafi verið tilkynnt, að þeir mættu búast við, að verða afskráðir að loknum veiðum. En þótt virkileg uppsögn hafi farið fram 9. júlí þá getur hún, eins og stefnandi heldur fram, ekki komið til greina í þessu máli, af því að henni var ekki framfylgt þegar að þriggja mánaða frestinum liðnum eða næsta á eftir er skipið kom í höfn hér, en mennirnir voru samkvæmt hinni upphaflegu ráðningu sinni áfram í stöðu sinni á skipinu, sem fastir skipverjar. Hér greind varnarástæða stefnds hefir því ekki við rök að styðjast.

En þá er eftir höfuðröksemd stefnds, að uppsagnarákvæði 4. gr. varðskipalaganna hafi ekki gilt um þessa skipverja. Stefnur hefir ekki véfengt það, að Þór hafi verið varðskip á umræddum tíma og haft eftirlit með landhelgislöggjöfinni, enda hafði skipið ekki lögboðin ein-kenni almennra skipa eða fiskiskipa. Skipverjar á því voru ekki hásetar á fiskiskipi, heldur voru þeir sýslunarmenn landsins samkv. 1. gr. varðskipalaganna. Vel má það vera, að þorri skipverja hafi verið ráðinn á skipið í þetta sinn aðallega með fiskiveiðar fyrir augum, en skipverjar allir voru þó ráðnir með þeim skyldum, sem varðskipalögin greina, þar á meðal t. d. sviftir verkfallsrétti. Þótt ástæða hafi verið til að láta aðrar reglur gilda um skipverja, sem aðallega voru ráðnir til fiskiveiða, þá virðist útgerðarstjórn og skipstjóri ekki hafa haft rétt til að skerða réttindi þessara manna með samningum, sem fara beint í bága við fyrirmæli varðskipalaganna og það verður ekki fallizt

á, að orða megi þetta svo, sem stefndur gerir, að téðir skipverjar hafi afsalað sér 3ja mánaða uppsagnarfrestinum. Því svo framarlega sem beita mátti gegn þeim þessum uppsagnarfresti samkv. sjómannaögunum höfðu þeir og rétt til að beita honum gegn útgerðinni, ef þeim bauð svo við að horfa. En þar með er komið út fyrir þau takmörk, sem varðskipalögin eru að setja hömlur við, með því að lögþjóða ákveðinn uppsagnarfrest fyrir þá menn sem á varðskipunum starfa og þess vegna er þetta sérákvæði sett í lög, að því verður að fylgja og að frá því verður ekki vikið. Hér skal ekkert inn á það farið, út frá hvaða skoðun bréf útgerðarstjóra frá 28. sept. er skrifað eða með hvaða skilningi skipherrann las það upp fyrir skipshöfninni, en eftir beinum orðum sínum átti það erindi til allra skipverja og gat ekki orðið til annars en að styrkja þá skoðun þeirra, sem haldið er fram af stefnanda í þessu máli, að uppsögnin 28. sept. hafi tekið til allra skipverja.

Samkv. framansögðu ber að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti, þar sem engum athugasemdum hefir verið hreyft gegn kröfuupphæðinni né vaxtakröfunni.

---

Mánudaginn 23. apríl 1934.

Nr. 141/1933. Útvegsbanki Íslands h/f

(Th. B. Lindal).

gegn

**Friðfinni Finnssyni og bæjarfógeta**

**Kr. Linnet, f. h. þrotabús Kristins A.**

**Jónssonar** (Enginn).

Sjóveðréttur fyrir kaup. Aflahlut.

*Dómur sjóréttar Vestmannaeyja 5. maí 1933:* Kr. Linnet, f. h. þrotabús Kristins A. Jónssonar, greiði stefnanda, Friðfinni Finnssyni, kr. 339,35 með 5% ársvöxtum frá 11. maí 1932 til greiðsludags og málskostnað kr. 75,00.